

## LÖG

### um breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010, með síðari breytingum (opinber framkvæmd).

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. er að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.
- b. 2. mgr. fellur brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Um fullnaðarhönnun, byggingu og útboð hins nýja spítala skulu gilda lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- b. Í stað „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. mgr. 1. gr.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir, minni byggingarhlutar, eða byggingar, séu boðnir út í formi langtímaleigu.

#### 3. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

#### 4. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að heimila Nýjum Landspítala ohf. að fara í forval vegna undirbúnings útboðs fullnaðarhönnunar.

#### 5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.**

Nr. 53

9. apríl 2013

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2013. Þó öðlast 4. gr. þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. apríl 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Júlíusdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2013